

Fundargerð 6. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Fimmtudaginn 24. ágúst kl. 17:00 var haldinn 6. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Auður Sif Sigurgeirdóttir í Portugese Waterdog, Lagotto Romagnolo og White Swiss shepherd.
- Lilja Dóra Halldórsdóttir í English cocker spaniel.
- Sóley Ragna Ragnarsdóttir í Papillon og Phaléne.

Stjórn samþykkti réttindin og óskar Auði Sif, Lilju Dóru og Sóleyju Rögnu til hamingju.

Ákveðið var að draga til baka breytingu á Hundavef að sinni (skráningu á hundum í eigu annarra á sýningar), og skoða betur hvernig hægt er að koma í veg fyrir að óviðkomandi hafi aðgang að skráningum hunda sem eru ekki í þeirra eigu.

2. Afsögn varamanna

Mánudaginn 21. ágúst bárust stjórn erindi frá Ingibjörgu Salóme og Önnu Maríu Ingvarsdóttur, varamönnum stjórnar, þar sem þær hvor um sig tilkynntu að þær segðu af sér varamanns sætum sínum.

Stjórn þykir leitt að horfa bak þeim, en þakkar þeim engu að síður fyrir samstarfið og þeirra góða framlag til stjórnar og félagsins.

3. Fyrirhuguð hvolpasýning Smáhundadeildar fyrir hvolpa af öllum tegundum

Stjórn Smáhundadeildar auglýsti hvolpasýningu þar sem öllum tegundum var boðið að taka þátt með dómara félagsins. Boðið var upp á keppni í ungvíðaflokki 3-6 mánaða og hvolpaflokki 6-9 mánaða þar sem skriflegar umsagnir áttu að vera gefnar og valin BOB/BOS, auk BIS. Skráning á sýninguna var í höndum Smáhundadeildar og sýningagjöld, 3.500 kr. greidd beint inn á reikning deildarinnar.

Stjórn HRFÍ taldi sýninguna ekki í samræmi við hlutverk og starfssvið deildarinnar. Skýrt er, bæði í lögum HRFÍ og í Starfsreglum ræktunardeilda, að hlutverk og starfssvið deilda einskorðast við það/þau hundakyn sem deildin er stofnuð um og telur stjórn því að stigið sé inn á starfssvið annarra deilda og félagsins í heild, en „all-breed“ sýningar eru hluti af almennri starfsemi félagsins sem stendur m.a. straum af rekstri skrifstofu og húsnæðis. Þá var ekki haft samráð við HRFÍ áður en sýningin var auglýst líkt og sérreglur um deildarsýningar í Starfsreglum ræktunardeilda kveða á um.

Stjórn var sammála um að óska eftir því að Smáhundadeild drægi fyrirhugaða sýningu til baka, standi rétt að umsókn um sýningar deildarinnar og beini sýningastarfsemi sinni eingöngu að þeim hundakynjum sem hún tekur til.

Þá var stjórn Smáhundadeildar boðið til fundar með stjórn HRFÍ til að ræða málið.

4. Önnur mál

- Erna fór yfir það sem kom fram á aðalfundi FCI sem haldinn var mánudag og þriðjudag þessa vikuna.
- Verið er að plana kynningakvöld á Rallý hlýðni. Silja Unnarsdóttir og Þórhildur Bjartmarz ætla að halda kynninguna.
- Ræktendanámskeið með Natalju Skalin nálgast, verður auglýst og opnað fyrir skráningu á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 18:40.